


Hvar eru stelpurnar?

Í síðustu viku skrifaði ég um Ólaf Gíslason sem sýnir í Ingólfsstræti 8 og á auk þess eitt verk á aðfangasýningu Listasafns Íslands. Þar sem Listasafnið er einhver mikilvægasta stofnun myndlistarlífsins á Íslandi er eðlilegt að skoða fleira en Ólaf. Eins og ég sagði síðast er sýningin skemmtileg en þó er eitt atriði sem stuðar mig, kannski af því að ég er kona: Það er ekki hægt að segja að konum sé haldið stíft fram. Reyndar veit ég ekki nákvæmlega hvernig kynjahlutföllin eru í öllum innkaupum síðasta árs þar sem fram kemur í upplýsingum með sýningunni að einungis eru sýnd verk eftir 21 af þeim 59 höfundum sem keypt var eftir á árinu. En af þessum 21 höf-




Verk Ástu Ólafsdóttur á sýningu Listasafns Íslands á Nýjum aðföngum.

sé greinarmunur á frjálsri myndlist og nytjalist eða hönnun og þá áttar maður sig á því að slíkt safn vantar líklega alveg hér. Ekki svo að skilja að ég geri kröfur til Listasafns Íslands um að sjá um báða þættina enda þyrfti safnið þá að vera miklu stærra.

En sama er hvert lítið er, misjöfn staða kynjanna blasir alls staðar við, til dæmis þegar lesinn er listinn í Listapóstinum þar sem nöfnum listamanna er raðað eftir andvirði verkanna. Sá listi hefst á körlum, konur fara að slæðast inn þegar nær dregur miðjunni, en á lokakaflið annum virðist vægið nokkuð jafnt, gott ef kvenpeningurinn hefur ekki yfirhöndina í allra neðstu sætum. Og það er merkilegt að listinn hefst jöfnum höndum á núlfandi körlum og látnum en efstu konurnar eru Júlíana Sveinsdóttir í 14. sæti og Nína Tryggvadóttir í því 17. Báðar látnar. Ungir karlar virðast eiga mun auðveldar uppdráttar en jafnöldur þeirra. Samt skrítið því myndlistarkonur eru áreiðanlega ekki færri, að minnsta kosti voru

karlmenn að verða sjaldséðir hvítir hrafnar í Myndlista- og handíðaskólanum þegar ég var þar við nám.

Sumum finnst óþarfi að bera konur saman við karla og undarlegt hvað við konur erum oft ósáttar við okkar hlut. En það er bara eins og listamannsstimpillinn festist síður við okkur. Sumir segja að það sé okkur sjálfum að kenna, við tökum okkur ekki nægilega hátiðlega sjálfar. Sjálfsagt spilar allt saman en þeir sem stjórna verða að hafa þetta atriði stöðugt í huga. Það er svo erfitt að losna út úr hefðunum. Mikil vildi ég geta hætt að velja þessum hlutum fyrir mér.



Mynd Kristínar Gunnlaugsdóttur á sömu sýningu.

Myndlist

Áslaug Thorlacius

undi eru aðeins 4 konur, Ásta Ólafsdóttir, Erla Þórarinsdóttir, Hulda Hákon og Kristín Gunnlaugsdóttir og mér finnst ekkert ósennilegt að það sé í samræmi við innkaupin.

Mér hafði skilið að stefnan við innkaupin væri þannig að ekki væru til dæmis keypt textil- eða keramikverk, en konur eru iðnar við þær listgreinar. Þó er málið ekki alveg svo einfalt. Í sérútgáfu Listapóstsins með yfirliti yfir innkaup safnsins frá ársbyrjun 1988 til aprílloka 1997 sé ég að safnið hefur að minnsta kosti keypt verk eftir Ásgerði Búa-dóttur veflistakonu, Guðnýju Magnúsdóttur leirlistakonu og Önnu Þóru Karlsdóttur textillistakonu. Mér sýnist fremur að gerður

Ungir myndlistarmenn, athugið

Listaskálinn í Hveragerði og menningarmálanefnd bæjarins gangast í sameiningu fyrir sýningunni Ungir myndlistarmenn '98 í Listaskálanum 11. apríl – 3. maí og óska



eftir verkum eftir listamenn yngri en 30 ára til að velja úr á hana. Í dómnefnd munu sitja myndlistarmennirnir Daði Guðbjörnsson og Helgi Þorgils Friðjónsson og fulltrúi menningarmálanefndar Hveragerðis, Anna Jór-unn Stefánsdóttir. Ein

verðlaun verða veitt og verða þau tilkynnt við opnun sýningarinnar. Þetta mun vera í þriðja sinn sem slík sýning er haldin hér á landi. Sú fyrsta undir þessu heiti var haldin 1967 á vegum Félags íslenskra myndlistarmanna, önnur var á vegum Kjarvalsstaða 1983. Báðar vöktu mikla athygli og örvuðu unga listamenn til dáða. Þær sýndu líka hvað í vændum var því margir af þekktustu listamönnum þjóðarinnar komu þar fram í fyrsta sinn.

Forstöðumaður Listaskálans í Hveragerði er Einar Hákonarson. Myndum skal skila til Listaskálans 3. apríl.

Stúlkur í innheimum

Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands hefur gefið út bókina Stúlkur í innheimum eftir Kristínu Viðarsdóttur. Þetta er fyrsta bindi í nýrri ritröð frá stofnuninni sem nefnist Ung fræði.

Í bókinni fjallar Kristín ítarlega um skáldsögu Vigdísar og leggur áherslu á spennuna sem myndast milli einangrunar persónanna í lokuðum einkaheimi og þrár þeirra eftir samruna og samfélagi. Sýnir Kristín hvernig þessi spenna kemur fram í myndmáli sagnanna og kallast á við umræðuna um listsköpun sem víða má finna í verkum Vigdísar.

Dreifingu á bókinni annast Háskólaútgáfan og Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.

Skálaglamm

Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands hefur gefið út nýju á rás 1 á morgun kl. 13.20. Umsjónarmenn eru Sigríður Albertsdóttir og Torfi Tulinius sem skiptast á að fá til sín gesti til að ræða um nýjar bókmenntir. Þátturinn heitir eftir Einari skáldi skálaglamm sem var vanur að ræða skáldskap við Egil Skalla-Grímsson þegar þeir hittust á þingi.

Í fyrsta þættinum ræðir Torfi við Gísla Sigurðsson og Kristján B. Jónasson um Heimkomu Péturs Gunnarssonar.

Ljósmaal

Ritlistarhópur Kópavogs hefur gefið merkilega tilraun út á bók. Hann lét 24 ljóðskáld velja úr ljósmyndum fimm landskunnra ljósmyndara og yrkja ljóð við myndina. Útkoman hefur nú birst í bókinni Ljósmaal og er gaman að sjá hve vel hefur tekið.

Ljósmyndararnir eru Kristján Logason, Ragnar Axelsson, Ragnar Th. Sigurðsson, Krissý og Páll Stefánsson og meðal skálda má nefna Jón úr Vör, Valgerði Benediktsdóttur, Kjartan Árnason, Hjört Pálsson, Geirlaug Magnússon, Eyvind P. Eiríksson og Önnu S. Björnsdóttur.

Sem dæmi má taka ljóðið „Haustbrynju“ sem Þórður Helgason yrkir um klakahjúpuð ber á grein á mynd Kristjáns Logasonar:


*Í dögum verður ákaft að mér sótt
úr norðanátt af nótturlegum herjum.
En hulinn brynju bið ég þessa nótt
og drúpi mínum sumarbláu berjum.*

Umsjón

Silja Aðalsteinsdóttir



Nemandinn.



Kennarinn.

Hátíð til heiðurs Ginsberg

Tveimur Íslendingum hefur verið boðið að taka þátt í ljóða- og tónlistarhátíð sem haldin verður í Central Park í New York 12. júní í sumar í minningu bandaríska ljóðskáldsins Allens Ginsberg. Þetta eru skáldin Birgitta Jónsdóttir og Michael Dean Pollock sem þekktastur er sem poppari.

Michael var svo heppinn að komast á námskeið hjá Ginsberg sjálfum í skapandi skrifum árið 1989 í Boulder í Colorado í skóla sem kenndur er við Jack Kerouac og Ginsberg átti þátt í að stofna. Skólinn er hluti af Naropa-háskólastofnuninni.

„Ég var þarna í mánuð,“ segir Michael, „á eins konar skáldaverkstæði og tók þátt í upplestrum og gjörningum ýmiss konar bæði í skólanum og úti í bæ. Þarna er safnað saman á hverju ári rjómanum af bandarískum skáldum og rithöfundum og annars staðar að úr heiminum og nemendur koma líka víðs vegar að. Þarna verður mjög skemmtileg samvinna nemenda og kennara, og ég fékk mikið út úr þessu.“

– Hvernig var svo gúruinn sjálfur?

„Hann var mjög góður kennari. Hann hafði svo opinn huga og var blessunarlega laus við alla fordóma. Mér fannst hann líka skemmtilegur og elskulegur maður, en hann gat verið harður. Jafnvel andstyggilegur. Einkum ef hann fann að maður var ekki einlægur. Fólk grét jafnvel undan honum en var svo þakklátt seinna – þegar það skildi hvað hann hafði verið að fara. Hann tók starf sitt mjög alvarlega.“

– Ætlaðu að þiggja boðið?

„Ég er nú bara verkamaður og kemst ekki hjálparlaust, en ég ætla endilega að reyna að verða mér úti um fjármagn til að fara. Mér finnst ég alls ekki mega missa af þessu.“

Hátíðin ber yfirskriftina „The International Convocation of the Best Minds“ og mun að öllum líkindum teygja sig yfir á laugardaginn 13. júní en þann dag verður hún annars staðar en í Central Park.

Miðlungslist að miðgildissmekk meðaljóns

Í Dagsljósi Sjónvarpsins síðasta þriðjudag var eftir til fundar um listamannalaun og þjóðin beðin að svara spurningunni hvort listamannalaun ættu rétt á sér eða ekki. Þátturinn byrjaði á því að þuldar voru ýmsar tölulegar upplýsingar um skiptingu listamannalauna á milli fagfélaga, hversu miklum peningum væri úthlutað, svo og svo mörgum ársverkum o.s.frv. Tölurnar voru sláandi háar svona einar og sér og ekki gerðu umsjónarmenn þáttarins neina tilraun til þess að skýra hvað lægi að baki listamannalaunum. Sú staðreynd blásti bara við manni að listamenn væru afætur á samfélaginu.

Markmiðið hjá stjórnendum þáttarins var nokkuð ljóst, að fá fram hressilegt rífrildi og helst var að heyra að þau vonuðust til að listamannalaunin yrðu jörfuð í beinni. Þá væru þau þátttakendur í því að skrifa söguna, hefðu eitt-hvert vægi. Hópurinn í „salnum“ var valinn af kostgæfni, gallsúrir andstæðingar opinberra styrkja og greinilegt að þeir ætluðu sér stóra hluti. Þó læddist að manni sá grunur að sumir þeirra hefðu einhvern tíma sótt sjálfir um listamannalaunin og ef til vill ekki fengið. Viðlagið var um klíkuskap og áskrift að peningum og að ríkisstyrkt list hlyti að vera léleg, sú list væri góð sem félli almenningi í geð. Tveir fulltrúar meðmæltu sáttu við pallborðið, Hjálmar H. Ragnarsson og Árni Ibsen, og stóðu sig með stakri þryði. Ekki var þeim þó gefinn kostur á djúpum skýringum, stjórnandinn sá til þess að umræð-

unni var haldið á hallærisplaninu allan tímann.

Ekki svo að skilja að ég sé þeirrar skoðunar að listamannalaunakerfið sé fullkomið eins og það er og engu megi hrófla þar við. En mér finnst ekki hægt að brydda upp á umræðu um jafn margslungið mál og þetta og taka það algörum yfirborðstökum. Yfirborðsleg umræða getur nefnilega verið verri en engin, hún getur beinlínis verið hættuleg. Það kom mér reyndar þægilega á óvart að „þjóðin“, það er að segja sú þjóð sem tekur þátt í svona kosningu, skyldi ekki vera eindregnari í afstöðu sinni gegn listamannalaunum en svo að hún skiptist í tvær hnífjafnar fylkingar.

Ég er orðin langeyg eftir almenningi umræðu um álitamál af þessu tagi. Skylda Ríkisútvarpsins er að fjalla um hlutina af metnaði, markmiðið ætti að vera að upplýsa fólk fremur en að styrkja fordómanna í sessi. Það er miklu auðveldara að mála skráttann á vegginn og gera þá andsnúna málinu sem ekki velta því fyrir sér í mikilli alvöru en að gera hlutunum góð skil. Því miður virðist keppnin um áhorfendurna ráða öllu og er ódýrasta meðalið auðvitað að fletta ofan af skandölum, búa til rífrildi eða skapa titring með einhverjum hætti. Trúnaður við viðfangsefnið og viðmælendur virðist varla komast á blað. Áttar starfsfólk Ríkisútvarpsins sig ekki á því að sama umræða, umræðan um einkavæðingu allra hluta, er einmitt á góðri leið með að ganga af Ríkisútvarpinu dauðu? Áslaug Thorlacius